

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ SKELJUNGS Í GRINDAVÍK

Dagsetning	15. nóvember 2011	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur hf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590269-1749	Fulltrúar fyrirtækis	Steinar Guðnason
Isat nr.	51.51.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N63 50,330 V22 24,414
Starfsemi	Heildverslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og skyldar vörur		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs í Grindavík, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar eru í góðu lagi.

Fráveitusýni var tekið 3. maí sl. og mældist olía í frárennsli vera 10 mg/l og stóðst olíuskiljan því kröfur. Olía var tæmd úr olíuskilju 4. maí sl. og þjónusta við olíuskilju því í góðu lagi. Loki í frárennsli frá þró stóð lokaður.

Geymar voru botnþykktarmældir árið 2008. Lagnir þrýstiprófaðar 2009.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró).

Girðingar og hlið voru í þokkalegu lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit.

Athugasemd:

Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina að loknu eftirliti.

Reykjavík, 28/11/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.